



Sjúkratryggingar
Íslands

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2010



Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2010

Samantekt

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga nam 9.594 millj. kr. á árinu 2010 (S-merkt lyf (sjúkrahúslyf) eru undanskilin). Kostnaðurinn lækkaði um 1.149 millj. kr. eða um 10,7% frá fyrra ári.

Lyfjanotkun mæld í fjölda skilgreindra dagsskammta (DDD) jókst um 5,9% frá fyrra ári og er það heldur meiri aukning en undanfarin ár.

Hagstæð gengis- og verðlagsþróun milli áráanna 2009 og 2010 átti sinn þátt í að lækka kostnað eða um 2,1% (m.v. þær forsendur að lyfjaverð miðist að 85% við lyfjaverðskrárgengi evru og 15% við vísitölu neysluverðs) og má því rekja 224 millj. kr. sparnað til hennar. Verð stærsta hluta lyfja er skráð í erlendri mynt, einkum danskri krónu og evru, og uppreiknast mánaðarlega.

Magn-, gengis- og verðlagsbreytingar hefðu því samanlagt átt að leiða til 3,2% hækkunar á lyfjakostnaði sjúkratrygginga en raunin varð 10,8% lækkun sem sýnir hve mikill árangur hefur náðst við að ná kostnaði niður. Ástæða þessa er einkum aukin notkun ódýrari lyfja í kjölfar breytinga á greiðsluþátttöku nokkurra lyfjaflokka. Um er að ræða blóðfitulækkandi lyf, magalyf, beinþéttilyf, ákveðin blóðþrýstingslyf og þunglyndislyf, öndunarfæralyf og tvö flogaveikilyf, Keppra og Lyrica. Sem dæmi hefur lyfjakostnaður vegna beinþéttilyfja lækkað um 120 millj. kr. og vegna blóðþrýstingslyfja um 410 millj. kr. á einu ári. Fyrstu breytingarnar tóku gildi 1. mars 2009 en lækkanir eru þó ekki að fullu komnar fram í öllum lyfjaflokkunum.

Á föstu verðlagi lækkaði heildarlyfjakostnaður sjúkratrygginga um 925 millj. kr. á árinu 2010. Þetta er því annað árið í röð sem hann lækkar á föstu verðlagi, en milli áráanna 2008 og 2009 lækkaði hann um 1.997 millj. kr. Frá árinu 2008, þegar Sjúkratryggingar Íslands tóku til starfa, hefur lyfjakostnaðurinn því lækkað um 2.922 millj. kr. sé miðað við gengi og verðlag ársins 2010 eða um 23,3%.


Aðrir þættir hafa áhrif á lyfjakostnaðinn s.s. aukin notkun, breyting á smásöluálagningu, almenn hækkun á hlut sjúklings (þök og gólf hækkuðu um 10% 1. mars 2009 og aftur 10% 1. mars 2010) og virðisaukaskattur lækkaði úr 24,5% í 25,5% 1. jan. 2010. Við mat á lækkun kostnaðar í kjölfar breytinga á greiðsluþátttöku er ekki tekið tillit til þessara þátta.

Í skýrslunni er notast við formleg lyfjaheiti en útskýringar á þeim má finna aftast í skýrslunni.

Lyfjageldi Sjúkratrygginga Íslands, apríl 2011

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga 2010, almennt yfirlit


Mynd 1 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga árin 2003-2010



Lyfjakostnaður sjúkratrygginga á verðlagi hvers árs hækkaði mikið árin 2008 og 2009 í kjölfar gengisfalls krónunnar. Vegna breytinga á greiðsluþátttöku í nokkrum lyfjaflokkum hefur lyfjakostnaður hins vegar lækkað árið 2010. Lyfjakostnaður lækkaði samtals um rúmlega 2.100 milljónir kr. á ársgrundvelli í þeim lyfjaflokkum þar sem breytingarnar voru gerðar en fyrstu breytingarnar tóku gildi 1. mars 2009. Lækkanir eru ekki að fullu komnar fram í öllum lyfjaflokkunum. Ýmislegt annað hefur haft áhrif á lyfjakostnaðinn s.s. aukin notkun, breyting á smásöluálagningu, hækkun á hlut sjúklings og hækkun virðisaukaskatts.


Á föstu verðlagi lækkaði heildarlyfjakostnaður sjúkratrygginga um 925 millj. kr. á árinu 2010. Þetta er því annað árið í röð sem hann lækkar á föstu verðlagi, en milli árana 2008 og 2009 lækkaði hann um 1.997 millj. kr. Frá árinu 2008, þegar Sjúkratryggingar Íslands tóku til starfa, hefur lyfjakostnaðurinn því lækkað um 2.922 millj. kr. sé miðað við gengi og verðlag ársins 2010 eða um 23,3%.

Mynd 2 Lyfjanotkun mæld í fjölda DDD árin 2003-2010



Á tímabilinu 2003 til 2010 hefur lyfjanotkun aukist að meðaltali um rúmlega 4% á ári. Á milli áráanna 2009 og 2010 er aukningin heldur meiri eða 5,9%.

Mynd 3 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga árin 2008-2010




Tafla 1 Lyfjakostnaður sjúkratrygginga árin 2008-2010

ATC-flokkur	Lyfjakostnaður SÍ; millj. kr.			Breyting (2009-2010)	
	2008	2009	2010	millj. kr.	%
A Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	1.498	1.462	1.410	-52	-4%
B Blóðlyf	178	255	256	1	0%
C Hjarta-og æðasjúkdómalyf	1.582	1.353	900	-453	-34%
D Húðlyf	126	168	164	-3	-2%
G Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	546	689	667	-21	-3%
H Hormónalyf, önnur en kynhormónar	131	178	171	-7	-4%
J Sýkingalyf	92	99	98	-2	-2%
L Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemperunar	456	572	556	-16	-3%
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindaralyf	349	418	309	-109	-26%
N Tauga- og geðlyf	3.076	3.960	3.685	-275	-7%
P Sníklalyf (skordýraeitur og skordýrafælur)	7	9	7	-2	-24%
R Öndunarfæralyf	960	1.221	1.040	-180	-15%
S Augn-og eyrnalyf	256	321	300	-21	-6%
V Ýmis lyf	30	38	30	-8	-22%
Samtals	9.287	10.743	9.594	-1.150	-11%

Kostnaður sjúkratrygginga er mestur vegna tauga- og geðlyfja eða um 3,7 milljarðar á árinu 2010. Kostnaður hefur lækkað mest í þeim lyfjaflokkum þar sem breytingar hafa verið gerðar á greiðslupátttöku. Sem dæmi hefur kostnaður vegna hjarta- og æðasjúkdómalyfja lækkað um 229 millj.kr. milli árunna 2008 og 2009 og um 453 milljónir kr. milli 2009 og 2010. Breytingar voru gerðar á greiðslupátttöku blóðfitulækkandi lyfja 1. mars 2009 og ákveðinna blóðþrýstingslyfja 1. október 2010.

Mynd 4 Lyfjanotkun árin 2008-2010 (mæld í fjölda DDD)




Tafla 2 Lyfjanotkun árin 2008-2010 (mæld í fjölda DDD), þús. ein.

ATC-flokkur	Fjöldi DDD, þús. ein.			Breyting (2009-2010)	
	2008	2009	2010	þús. ein.	%
A Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	11.458	12.519	13.483	964	8%
B Blóðlyf	4.467	4.617	4.717	100	2%
C Hjarta-og æðasjúkdómalyf	37.619	38.543	39.742	1.199	3%
D Húðlyf	4.021	3.870	3.896	27	1%
G Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	12.506	12.041	13.016	975	8%
H Hormónalyf, önnur en kynhormónar	3.550	3.672	3.904	232	6%
J Sýkingalyf	2.226	2.097	2.831	734	35%
L Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemperunar	1.007	964	995	31	3%
M Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	6.247	6.210	6.546	336	5%
N Tauga- og geðlyf	27.047	27.810	30.229	2.419	9%
P Sníklalyf (skordýraeitur og skordýrafætur)	129	127	122	-5	-4%
R Öndunarfæralyf	9.437	9.396	9.621	225	2%
S Augn-og eyrnalyf	1.151	1.125	1.108	-17	-2%
V Ýmis lyf	14	12	9	-3	-25%
Samtals	120.879	123.003	130.219	7.217	5,9%

Lyfjanotkun (DDD) hefur aukist í flestum lyfjaflokkum, mest í flokki tauga- og geðlyfja.

Mynd 5 Kostnaðarsömustu lyfjaflokkarnir árin 2008 - 2010



Tafla 3 Kostnaðarsömustu lyfjaflokkarnir árin 2008 - 2010, millj. kr.

	ATC-flokkur	Lyfjakostnaður SÍ, millj. kr.						Breyting (2009-2010)	
		2008	röð	2009	röð	2010	röð	millj. kr.	%
N03A	Flogaveikilyf	563	5	775	3	761	1	-14	-2%
N06A	Þunglyndislyf (antidepressiva)	866	1	1.093	1	739	2	-354	-32%
N06B	Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi	442	7	644	5	728	3	84	13%
N05A	Geðrofslyf (neuroleptica/ antipsychotica)	611	4	698	4	701	4	3	0%
R03A	Adrenvirk lyf til innúðunar	634	3	805	2	565	5	-240	-30%
A02B	Lyf við sársjúkdómi og maga- og vélindis bakflæði	824	2	533	6	472	6	-61	-11%
A10B	Blóðsykurslækkandi lyf nema insúlín	210	12	293	8	297	7	4	1%
A10A	Insúlín og skyld lyf	208	13	273	9	294	8	21	8%
R03B	Önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi	169	15	213	16	276	9	63	30%
N04B	Dópamínvirk lyf	190	14	238	13	236	10	-2	-1%

Tafla 4 Kostnaðarsömustu lyfin eftir innihaldsefnum árin 2008-2010, millj. kr.

	ATCHEITI	Kostnaður sjúkratrygginga, millj. kr.						Breyting (2009-2010)	
		2008	röð	2009	röð	2010	röð	millj. kr.	%
N06BA04	Metýlfenídat (Concerta, Equasym, Ritalin (Uno))	304	3	464	1	544	1	80	17%
N03AX16	Pregabalín (Lyrica)	191	7	329	4	323	2	-6	-2%
R03AK06	Salmeteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (Seretide (Diskus))	352	2	440	2	285	3	-154	-35%
N05AH04	Quetiápín (Quetiapin Mylan, Seroquel (Prolong))	165	10	188	9	211	4	22	12%
N06AB10	Escítalópram (Cipralax, Esopram)	261	5	379	3	194	5	-185	-49%
A02BC01	Ómeprazól (Losec, Lomex-T, Omeprazol Actavis)	66	34	197	7	190	6	-7	-3%
R03AK07	Formóteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (Symbicort (forte, mite) Turbuhaler)	242	6	302	5	189	7	-113	-38%
A02BC05	Esómeprazól (Nexium (DAC))	554	1	228	6	140	8	-87	-38%
N03AX14	Levetiracetem (Keppra)	99	18	142	12	140	9	-2	-1%
N05AX12	Aripiprazól (Abilify)	117	15	160	11	139	10	-20	-13%

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga árið 2010.

Yfirlit yfir valda lyfjaflokka


Á síðastliðnum tveimur árum hafa verið gerðar breytingar á greiðsluþátttöku nokkurra lyfjaflokka. Lyfjakostnaður í þessum lyfjaflokkum hefur lækkað um samtals rúmlega 2.100 milljónir kr. á ársgrundvelli eftir að breytingar á greiðsluþátttöku þessara lyfjaflokka tóku gildi en fyrstu breytingarnar tóku gildi 1. mars 2009. Lækkunir eru þó ekki að fullu komnar fram í öllum lyfjaflokkunum. Að langmestu leyti stafar lækkunin af breytingum á greiðsluþátttökureglunum þótt aðrir þættir hafi líka áhrif svo sem gengi, hækkun virðisaukaskatts o.s.frv.

Hér á eftir er fjallað um áhrif þessara breytinga á lyfjakostnað sjúkratrygginga í hverjum lyfjaflokki fyrir sig. Áhrifin af breytingunum hafa verið tvíþætt, notkun hagkvæmari lyfja hefur aukist og verið á mörgum lyfjum hefur lækkað um allt að 60-70%. Í sumum tilfellum hafa líka ný samheitalyf komið á markað óháð þessum reglugerðarbreytingum.

Hafa verður í huga að ýmsar aðrar breytingar hafa verið gerðar sem hafa áhrif á lyfjakostnað, svo sem breyting á smásöluálagningu lyfja, hækkun virðisaukaskatts og almenn hækkun á hlut sjúklings. Að auki hefur gengi krónunnar verið óhagstætt og aukning orðið á fjölda einstaklinga sem fá ávísað lyfjum. Við mat á lækkun kostnaðar í kjölfar breytinga á greiðsluþátttöku er ekki tekið tillit til þessara þátta.

Blóðfitulækkandi lyf (ATC-flokkur C10)


Mynd 6 Kostnaður sjúkratrygginga vegna blóðfitulækkandi lyfja




Greiðsluþátttakan breyttist 1. mars 2009.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 360 millj. kr. á einu ári frá mars 2009 til febrúar 2010.

Mynd 7 Kostnaður sjúkratrygginga vegna blóðfitulækkandi lyfja eftir mánuðum




Mynd 8 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á blóðfitulækkandi lyf



Fjöldi einstaklinga sem fá ávísað blóðfitulækkandi lyfjum hefur aukist að meðaltali um 12% á ári.


Mynd 9 Hlutfallsleg notkun (DDD) blóðfitulækkandi lyfja



Simvastatín var eina lyfið með almenna greiðslupátttöku 1. mars 2009. Verð á Atorvastatíni (10 og 20 mg) lækkaði 1. október 2009 og fékk þá almenna greiðslupátttöku.

Prótónpumpuhemlar (ATC-flokkur A02BC)


Mynd 10 Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótónpumpuhemla




Greiðslupátttakan breyttist 1. mars 2009.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 460 millj. kr. á einu ári frá mars 2009 til febrúar 2010.

Mynd 11 Kostnaður sjúkratrygginga vegna prótónpumpuhemla eftir mánuðum




Mynd 12 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á prótónpumpuhemla



Fjöldi einstaklinga sem fá ávísað prótónpumpuhemlum hefur aukist að meðaltali um 6% á ári. Þó má geta þess að frá 1. mars 2009 hafa minnstu pakkningarnar af ómeprazóli verið fánlegar í lausasölu (án lyfseðils). Því má gera ráð fyrir að aukningin sé enn meiri árin 2009 og 2010. Í mynd 12 eru eingöngu upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fá lyfjunum ávísað með lyfseðli.


Mynd 13 Hlutfallsleg notkun (DDD) prótónpumpuhemla



Ómeprazól var eina lyfið með almenna greiðslupátttöku 1. mars 2009. Verð á lanzóprazóli og rabeprazóli lækkaði í apríl 2009 og fengu þau almenna greiðslupátttöku í kjölfarið.


Lyf með verkun á renínangiótensín-kerfið (ATC-flokkur C09)

Mynd 14 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja með verkun á renínangiótensín-kerfið




Greiðslupátttakan breyttist 1. október 2009. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 410 millj. kr. á einu ári frá október 2009 til september 2010.

Mynd 15 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja með verkun á renínangíótensín-kerfið eftir mánuðum




Mynd 16 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á lyf með verkun á renínangíótensín-kerfið




Fjöldi einstaklinga sem fá ávísað á lyf í þessum flokki hefur aukist að meðaltali um 8% á ári.

Mynd 17 Hlutfallsleg notkun (DDD) lyfja með verkun á renínangíótensínkerfið, óblönduð



Enalapríl, ramipríl, lósartan og valsartan hafa verið með almenna greiðslupátttöku frá 1. október 2009. Þó var eingöngu ramipríl 2,5 mg og 5 mg og valsartan 80 mg með almenna greiðslupátttöku en verðið á ramipríl 10 mg lækkaði um 40% 1. desember 2009 og valsartan 160 mg lækkaði um 44% 1. febrúar 2010 og fengu lyfin þá almenna greiðslupátttöku í kjölfarið.


Mynd 18 Hlutfallsleg notkun (DDD) lyfja með verkun á renínangíótensínkerfið, í blöndum



Enalapríl og lósartan í blöndum með þvagræsilyfjum hafa verið með almenna greiðslupátttöku frá 1. október 2009. Verð á valsartan í blöndu með þvagræsilyfi lækkaði um 74% 1. nóvember 2009 og fékk þá almenna greiðslupátttöku í kjölfarið.


Lyf sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun (ATC-flokkur M05B)

Mynd 19 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun




Greiðslupátttakan breyttist 1. nóvember 2009. Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 120 millj.kr. á einu ári frá nóvember 2009 til október 2010.

Mynd 20 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun eftir mánuðum




Með tilkomu samheitalyfja á markaðinn í apríl og júní 2009 kom fram lækkun fyrir gildistöku breytinganna.

Mynd 21 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á lyf sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun



Fjöldi einstaklinga sem fá lyf í þessum flokki hefur aukist að meðaltali um 8% á ári en dregist saman um 2% milli árána 2009 og 2010.


Mynd 22 Hlutfallsleg notkun (DDD) lyfja sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun



Alendrónsýra var eina lyfið með almenna greiðsluþátttöku 1. nóvember 2009. Verð á risedrónsýru lækkaði 1. júní 2010 og fékk almenna greiðsluþátttöku í kjölfarið.

Lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (ATC-flokkar R03A og R03B)


Mynd 23 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi




Greiðslupátttakan breyttist 1. janúar 2010.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 180 millj.kr. á einu ári frá janúar 2010 til desember 2010.

Mynd 24 Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfja gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi eftir mánuðum




Mynd 25 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi



R03 A: Adrenvirk lyf til innúðunar (Ventolin, Bricanyl Turbuhaler, Serevent (diskus), Oxis Turbuhaler, Seretide (diskus), Symbicort Turbuhaler, Onbrez Breezhaler)

R03 B: Innöndunarsterar og andkólínvirk lyf (Pulmicort Turbuhaler, Flixotide (diskus), Asmanex Twisthaler, Atrovent, Spiriva)


Mynd 26 Hlutfallsleg notkun (DDD) lyfja gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi



Notkun samsettra innúðunarlyfja hefur minnkað, en notkun hefur aukist á innöndunarsterum og berkjuvíkkandi lyfjum.

Punglyndislyf (ATC-flokkar N06AB og N06AX)


Mynd 27 Kostnaður sjúkratrygginga vegna punglyndislyfja




Greiðsluþátttakan breyttist 1. júní 2010.

Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 260 millj.kr. á sjö mánuðum frá júní 2010 til desember 2010 sem svarar til 440 millj. kr. á ársgrundvelli.

Mynd 28 Kostnaður sjúkratrygginga vegna punglyndislyfja eftir mánuðum




Mynd 29 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á þunglyndislyf



N06AB: Sérhæfðir serótónín endurupptöku hemlar (flúoxetín, cítalópram, paroxetín, sertralín, escítalópram)


N06AX: (míanserín, mirtazapín, bupropionum, venlafaxín, reboxetín, duloxetín)

Mynd 30 Notkun (DDD) sérhæfðra serótónín endurupptöku hemla (N06AB)




Öll lyfin voru með almenna greiðsluþátttöku 1. júní 2010. Samheitalyfið Esopram (escítalópram) kom á markaðinn í apríl 2010. Eingöngu Esopram 5 mg var með almenna greiðsluþátttöku 1. júní en verð á öðrum styrkleikum lækkaði í júlí og ágúst og fengu almenna greiðsluþátttöku.

Mynd 31 Notkun (DDD) annarra þunglyndislyfja (N06AX)




Venlafaxín og mirtazapín hafa verið með almenna greiðsluþátttöku frá 1. júní 2010. Í kjölfar breytinga á greiðsluþátttöku hefur hlutfallsleg notkun helstu þunglyndislyfja ekki breyst með afgerandi hætti. Hins vegar hefur verið lyfjanna lækkað verulega, bæði vegna breyttra reglna en einnig hafa ný samheitalyf komið á markaðinn.

Mynd 32 Þróun lyfjakostnaðar sjúkratrygginga í helstu þunglyndislyfjum




Mynd 33 Verðþróun nokkurra þunglyndislyfja



Á myndinni hér að ofan sést verðþróun nokkurra þunglyndislyfja, miðað við lægsta verð hvers lyfs (viðmiðunarverð). Verð á mörgum þunglyndislyfjum hefur lækkað en langmest munar um escítalópram og venlafaxín. Verð á venlafaxín lækkaði með tilkomu nýrra samheitalyfja á markaðinn. Venlafaxín Portfarma kom á markað í desember 2007, Venlafaxín Actavis í ágúst 2009 og Venlafaxín Ranbaxy í desember 2009. Verð þessara lyfja lækkaði síðan enn frekar við breytingarnar 1. júní 2010. Samheitalyfið Esopram (escítalópram) kom á markaðinn í apríl 2010. Eingöngu Esopram 5 mg var með almenna greiðsluþátttöku 1. júní en verð á öðrum styrkleikum lækkaði í júlí og ágúst og fengu almenna greiðsluþátttöku í kjölfarið.


Pregabalín (Lyrica, ATC-flokkur N03AX16)

Mynd 34 Kostnaður sjúkratrygginga vegna Lyrica




Lyrica kom á markað í lok árs 2004. Samkvæmt lyfjatexta lyfsins er Lyrica með þrjár ábendingar þ.e. flogaveiki, taugaverki og almenna kvíðaröskun. Lyrica var með almenna greiðsluþátttöku til 1. september 2010. Þá var ákveðið að afnema almenna greiðsluþátttöku en í stað þess geta lækningar sótt um lyfjaskírteini. Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis við taugaverkjum og kvíða er að fyrst hafi verið reynt ódýrari lyf og þau reynt ófullnægjandi eða sjúklingur hafi fengið aukaverkanir af þeim.

Mynd 35 Kostnaður sjúkratrygginga vegna Lyrica eftir mánuðum




Lyfjakostnaður sjúkratrygginga hefur lækkað um 60 millj. kr. á fjórum mánuðum frá september til desember 2010 sem svarar til 170 milljónum kr. á ársgrundvelli. Þó verður að gera ráð fyrir að einhverjir notendur Lyrica hafa skipt yfir í önnur lyf.

Mynd 36 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á Lyrice




Levetíracetam (Keppra, ATC-flokkur N03AX14)

Mynd 37 Kostnaður sjúkratrygginga vegna Keppra




Keppra kom á markað í október 2005 en var notað á undanþágu fyrir þann tíma. Samkvæmt lyfjatexta lyfsins er Keppra með ábendinguna flogaveiki. Keppra var með almenna greiðsluþátttöku til 1. desember 2010. Þá var ákveðið að afnema almenna greiðsluþátttöku þar sem lyfinu var einnig ávísað við öðrum ábendingum. Læknar geta sótt um lyfjaskirteini fyrir Keppra vegna sjúklunga með flogaveiki.

Mynd 38 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á Keppra




Metýlfenídat (Ritalin, Ritalin Uno og Concerta, ATC-flokkur N06BA04)

Mynd 39 Kostnaður sjúkratrygginga vegna metýlfenídat



Mynd 40 Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið a.m.k. eina ávísun á metýlfenídat



Metýlfenídat lyf eru notuð við ofvirkni og athyglisbresti. Eins og kemur fram í töflu 4 er metýlfenídat kostnaðarsamasta lyfið hjá Sjúkratryggingum. Mikil aukning hefur verið í kostnaði og notkun þessara lyfja á síðast liðnum árum. Fjöldi einstaklinga sem fá ávísað þessum lyfjum hefur aukist að meðaltali um 10% á ári. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðafikniefnaráði Sameinuðu þjóðanna kemur fram að notkun metýlfenídat er hvergi í heiminum meiri en á Íslandi. Heilbrigðisráðherra skipaði vinnuhóp haustið 2010 til að skipuleggja aðgerðir til að draga úr ofnotkun og koma í veg fyrir misnotkun lyfja gegn athyglisbresti og ofvirkni. Vinnuhópurinn skilaði tillögu sem fela í sér aukið eftirlit með ávísunum þessara lyfja, bætta greiningu og breyttar reglur við útgáfu lyfjaskírteina sem tóku gildi 1. janúar 2011.

Tölfræðigagnagrunnur Sjúkratrygginga Íslands

Upplýsingar um almenna lyfjanotkun og lyfjakostnað eru fengnar úr tölfræðigagnagrunni Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og byggja á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda SÍ með rafrænum hætti. Í tölfræðigrunninum eru eingöngu upplýsingar um notkun lyfseðilsskyldra lyfja sem afgreidd eru úr apótekum, en hvorki upplýsingar um lausasölulyf sem seld eru án lyfseðils né lyf sem notuð eru á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum.

Lyfjanotkun er mæld í fjölda DDD (skilgreindum dagsskömmtum). Skilgreindur dagsskammtur (DDD) miðast við skilgreiningar frá WHO Collaborating Centre (WHOCC) for Drug Statistics Methodology, Norwegian Institute of Public Health. Fyrir þau lyf sem WHO hefur ekki úthlutað DDD er stuðst við skilgreiningar frá Lægemiddelstyrelsen í Danmörku. ATC flokkun (Anatomical-Therapeutical-Chemical Classification) er flokkunarkerfi þar sem lyf eru flokkuð eftir því í hvaða líffærakerfi þeim er aðallega ætlað að hafa áhrif. Þannig er A flokkur (alimentary) meltingarfæra- og efnaskiptalyf, B flokkur (blood) blóðlyf o.s.frv.

Útskýringar á lyfjaheitum

Bls. 6 tafla 3

Örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi: Lyf til meðferðar við m.a. ofvirkni með athyglisbresti

Geðrofslyf: Lyf til meðferðar við m.a. geðklofa

Adrenvirk lyf til innúðunar: Lyf til meðferðar við m.a. astma

Önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi: Lyf til meðferðar við m.a. astma og langvinnri lungnateppu.

Dópaminvirk lyf: Lyf til meðferðar við m.a. Parkinsonsjúkdómi

Bls. 6 tafla 4

Metylfenídat (Concerta, Equasym, Ritalin (Uno)): Lyf til meðferðar við m.a. ofvirkni með athyglisbresti

Pregabalín (Lyrica): Flogaveikilyf en einnig notað við kvíða og taugaverkjum

Salmeteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (Seretide (Diskus)): Lyf til meðferðar við astma og hjá sjúklingum með langvinna lungnateppu.

Quetiápin (Quetiápin Mylan, Seroquel (Prolong)): Lyf til meðferðar við geðklofa og við geðhæðarlotum.

Escítalópram (Ciprexal, Esopram): Þunglyndislyf og einnig notað við felmtursröskun (panic disorder).

Ómeprazól (Losec, Lomex-T, Omeprazol Actavis): Lyf til meðferðar við m.a. magasári og bakflæði

Formóteról og önnur lyf gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi (Symbicort (forte, mite) Turbuhaler): Lyf til meðferðar við astma og hjá sjúklingum með langvinna lungnateppu.

Esómeprazól (Nexium (DAC)): Lyf til meðferðar við m.a. magasári og bakflæði

Levetiracetem (Keppra): Flogaveikilyf

Aripíprazpól (Abilify): Lyf til meðferðar á geðklofa og til meðferðar á oflæti hjá sjúklingum með geðhvarfasyki.

Bls. 9 *Prótónpumpuhamlar:* Lyf til meðferðar við m.a. magasári og bakflæði

Bls. 11 *Lyf með verkun á renínangiótensín-kerfið:* Lyf til meðferðar við m.a. of háum blóðþrýstingi

Bls. 14 *Lyf sem hafa áhrif á beinbyggingu og beinmyndun*: Lyf til meðferðar við m.a. beinþynningu

Bls. 16 *Lyf gegn teppusjúðómum í öndunarvegi*: Lyf til meðferðar við m.a. astma og langvinnri lungnateppu.

Bls. 19 *Sérhæfðir serótónín endurupptökuhæmlar*: Ákveðin tegund þunglyndislyfja. Einnig til meðferðar við kvíða og fleiri sjúkdómum.

Bls. 22 *Lyrice*: Flogaveikilyf en einnig notað við kvíða og taugaverkjum

Bls. 23 *Keppra*: Flogaveikilyf

Bls. 24 *Metýlfenídat*: Lyf til meðferðar við m.a. ofvirkni með athyglisbresti

